


# Heilbrigðisstarfsfólk

## Hvað er Vera?

Vera heilsuvefur er **öruggt** vefsvæði ([www.heilsuvera.is](http://www.heilsuvera.is)) þar sem almenningur getur átt í samskiptum við heilbrigðisþjónustuna í gegnum Sögu og nálgast gögn úr eigin sjúkraskrá, s.s. lyfseðla og bólusetningar. Samskiptin verða sjálfkrafa hluti af sjúkraskránni. Einstaklingur getur óskað eftir endurnýjun á fjölnota lyfseðlum í gegnum Veru og bókað tíma ef heilsugæslustöð býður upp á það.


## Samskiptaborð Veru

Í samskiptaborði Veru eru þrjú flipar: „Skjáborð“ – „Mínar fyrirspurnir“ – og „Eldri fyrirspurnir“



The screenshot shows the Vera interface with three tabs: "Skjáborð", "Mínar fyrirspurnir", and "Eldri fyrirspurnir". The "Mínar fyrirspurnir" tab is active, displaying a table of requests. The table has columns for "Dagsetning", "Titill", "Kt. skjólst.", "Skjólstæði...", "Heimilislæknir", and "Sent á deild". The first row is highlighted in blue and has a red box around it. Below the table, there is a detailed view of a request for "DIAMOX (lyfjaendurnýjun)". It shows the patient's name "Jóna Jónsdóttir", the doctor "Guðrún S. Jóhannesdóttir", and the pharmacy "NH38 Heilsugæsla...". There is a red box around the doctor's name and a red arrow pointing to a "Fjarlægja eða bæta við..." link. Below the request details, there are buttons for "Endurnýja" and "Hafna".

- Í samskiptaborði Veru sérðu allar fyrirspurnir og beiðnir um lyfjaendurnýjanir á heilsugæslunni sem ekki er búið að svara.
- Þú getur **bætt við** eða **fjarlæggt** starfsmann á fyrirspurn og lyfjaendurnýjun.
- Þegar þú skrifar skilaboð til einstaklings, verður svarið samtímis hluti af sjúkraskránni.
- Læknar geta valið að **Endurnýja** og **Hafna** ósk um lyfjaendurnýjun sem kemur frá einstaklingi í gegnum Veru. Aðrar fagstéttir, sem hafa aðgang að Veru, geta hafnað ósk um lyfjaendurnýjun.
- Ef þú bætir við starfsmanni á fyrirspurn eða lyfjaendurnýjun þá birtist hún á „**Mínar fyrirspurnir**“ hjá þeim starfsmanni.
- Um leið og þú hefur svarað fyrirspurn/lyfjaendurnýjun á „Mínar fyrirspurnir“ þá hverfur hún af þeim lista og færir yfir í „**Eldri fyrirspurnir**“.

Í samskiptaborði Veru í Sögu getur þú alltaf ýtt á F1 á lykklaborðinu eða smellt á  í horninu uppi hægra megin og þar færðu nánari upplýsingar um virkni samskiptaborðs Veru.

Önnur leið er að fara á [www.tmssoftware.is](http://www.tmssoftware.is) – smella þar á „Heilbrigðislausnir“ og svo „Handbækur“ og velja þar vefhandbók Sögu 3.1.37 eða 3.1.38.